

Afgreiðslufundur

Árið 2026, miðvikudaginn 3. júní kl. 14:00 var haldinn 1911. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn Ísfabrikunnar ehf., kt. 611025-1140, dags. 16. maí 2026 um tímabundið starfsleyfi fyrir söluturn með afgreiðslu á skafis í ísform eða einnota neysluumbúðir og sölu forpakkaðra matvæla (Turninn Lækjartorgi) í Turninum á Lækjartorgi. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 1. október 2026 með *Almennum skilyrðum fyrir rekstri sölubása með matvæli í Reykjavík*.

Einnig gilda eftirfarandi skilyrði:
 - Nægileg sörpílát þurfa að vera fyrir hendi og skal tæma þau eftir þörfum. Starfsleyfishafi sér um losun sorps og skal flytja af staðnum daglega. Tryggja skal góða umgengni á svæðinu. Sorp á að flokka og endurvinna eftir fremsta megni.
 - Lager fyrir starfsemina er í ísgerð Ísfabrikunnar að Lyngási 14, 210 Garðabæ.
 - Starfsfólk söluturnsins hefur aðgang að starfsmannaaðstöðu, ræstingu og uppþvottaðstöðu á Lemmy að Austurstræti 20.
- Lögð fram umsókn WAI ehf., kt. 440923-0620, dags. 9. apríl 2026, um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastað/veitingastofu (Culiacan) að Suðurlandsbraut 10, F2012704, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn WAI ehf., kt. 440923-0620, dags. 9. apríl 2026, um skráningu fyrir veitingastað (Culiacan) að Suðurlandsbraut 10, F2012704, rými 01 0101. Ný skráning.
Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskylda hollustuháttastarfsemi*.
- Lögð fram umsókn Atlantsolíu ehf., kt. 590602-3610, dags. 6. febrúar 2026, um skráningu á niðurrifi á geymum og lögnum sem tengdust starfsemi Atlantsolíu við Knarrarvog 2, F2023267, rými 02 0001 og 03 0001. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir niðurrif mannvirkja, m.a. þar sem er asbest*.
- Lögð fram umsókn Clipper ehf., kt. 671204-4410, dags. 28. maí 2026, um leyfi til tóbakssölu (Sbarro) að Suðurfelli 4. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum*.

Fundi slitið kl. 14:43

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson